



SNORRI HELGASON

Fetar í fótspor
föður síns

Sonur Helga Pé i Ríó trúói

FÓLK 38

16 bladsíða
RE/MAX blaðFasteignablað RE/MAX fylgir
Fréttablaðinu á sunnudögum

RE/MAX

FRÍTT

FRÉTTABLAÐID

27. ágúst 2006 — 229. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Blómstrar á níræðisaldri

Tuttugu ár eru liðin frá því að Margrét Guðjónsdóttir sigrarðist á krabba-meini. Hún blómstrar sem aldrei fyrir og hefur aldrei þjáðst af höfuðverk, móðursýki eða öfundsýki.

VIÐTAL 14



Í eskimóafraðum í Köben

Ólafur Rafnar stundar nám í eskimóafraðum í Kaupmannahöfn. Þar lærir hann meðal annars grænlensku en býst ekki við að þurfa að nota tungumálið seinni meiri.

FÓLK 20

Á ókunnugum slóðum

Ásgeir Kolbeinsson er betur þekktur sem þáttastjórnandi og útvárpsmaður en er þessa stundina sveittur við að gera upp íbúð sem hann festi kaup á nýverið.

FÓLK 38




Skellur gegn Svíum

Íslenska kvennalandslíðið í knattspyrnu steinlá gegn Svíum á Laugardalsvelli í gær, 4-0. Sigur Svíu var of stórvíður í því íslenska liðið stóð í því sánska lengi vel.


ÍPÓTTIR 32

VEÐRIÐ Í DAG



SNÝST Í NORÐUR — í dag verður fremur stíflorðaustan átt á landinu norðvestan- og vestanverðu, annars hægari. Rigning eða skúrir norðan og austan til, annars skýjað en léttir heldur til suðvestan og vestan til sínðegis. Hiti 9-16 stig, mildast syðst.

VEDUR 4



Nýr formaður breytir engu

Formannsskipti í Framsóknarfloknum breyta ekki fylgi Framsóknarflokksins samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Fylgi Frjálslyndra og Sjálfstæðisflokkus dalar en Samfylking og Vinstri græn bæta við sig.

SKOÐANAKÖNNUN 10,7 prósent segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn, samkvæmt nýrri skoðanakönnum Fréttablaðsins. Sem er nánast sama hlutfall og í síðustu könnun blaðsins í júní þegar fylgi flokkusins var 10,6 prósent.

Kjör nýrrar stjórnar flokkusins virðist því ekki hafa haft áhrif á fylgi flokkusins. „Fylgi miðjuflokk, eins og Framsóknarflokksins, er það fólk sem ekki tekur þátt í sveiflum í mánaðarlegum skoðanakönnumum,“ segir Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins. „Ég hef séð svona tölur í þrjátíu til fjörutíu ár og kippi mér ekkert upp við þetta.“

Sjálfstæðisflokkurinn missir aðeins fylgi frá síðustu könnun og segjast nú 39,8 prósent myndu kjósa flokkinn. Arnbjörg Sveins-


dóttir, formaður bingflokks Sjálfstæðisflokkusins, segir að sér líst ágætlega á þessar niðurstöður. „Flestar kannanir hafa verið að sýna okkur í kringum 40 prósent sem við höldum í þessari könnun.“

Hlutfallslega missir Frjálslyndi flokkurinn mest fylgi, um fjögur prósentustig og mælist fylgið nú 2,1 prósent. Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokkusins, segist ekki láta svona könnun á sig fá. „Við komum vel út í síðustu sveitarstjórnarkosningum og lítum bara til kosninga. Spyrum að leikslokum.“

Vinstri græn mælast nú með 18,8 prósent fylgi sem er fjórum prósentustigum meira en í síðustu könnun blaðsins. „Ef þessar niðurstöður standast þá stefnir í

FYLGJ STJÓRMÁLFLOKKA

Hvaða lista myndir þú kjósa ef boðað yrði til alþingiskosningar ná?



spennandi kosningar enda frekar jafnt hlutfall milli ríkisstjórnar og stjórnarandstöðu,“ segir Stein-

grímur J. Sigfússon, formaður flokkusins.

Samfylking bætir einnig við sig frá síðustu könnun og segjast nú 28,0 prósent myndu kjósa flokkinn. „Fylgi við Samfylkinguna eykst, sem er gott, en við ætlum okkur auðvitað meira. Þetta er auðvitað spurning um að toppa á réttum tíma,“ segir Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar. Hann segist ánægður með að Samfylkingin og Vinstri græn eru einungis tveimur þingmönnum frá því að fella ríkisstjórnina. „Samfylkingin gengur auðvitað óbundin til kosninga, en það hlýtur að vera hlutverk stjórnarandstöðu hverju sinni að fella ríkisstjórnarflokkana og við sjáum að það er fullkomlega raunhæft að það gerist.“

- ss/ sjá síðu 4



FLUGVÉLIN LENTI Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI Betur fór en á horfðist þegar hugsanlegur eldur í farþegarými flugvélar reyndist vera reykur frá brauðofni.

FRÉTTABLAÐID/VILHELM

Neyðarástandi lýst yfir vegna gruns um eld í farþegarými flugvélar:

Nauðlenti vegna brauðofns

NAUDLENDING Neyðarástandi var lýst yfir á Keflavíkurflugvelli um stund þegar tilkynnt var um hugsanlegan eld í farþegarými flugvélar British Airways um klukkun sex í gær. Flugvélin var þá um fimmtíu kilómetra úti fyrir Reykjavíkum. EKKI reyndist hætta á ferðum því í ljós kom þegar flugvélin lenti á Keflavíkurflugvelli að reykur í farþegarými vélarinnar stafaði frá brauðofni sem ofhitaði.

„Allir voru kallaðir út eins og um fluglys væri að ræða. Við búum okkur alltaf undir það versta en vonum það besta,“ segir Ellisif Tinna Viðösdóttir, staðgengill sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli. „Sem betur fer var þetta ekki eldur heldur ofn aftarlega í farþegarými sem ofhitaði með þeim afleiðingum að reykur breiddist út um farþegarýmið.“ 268 voru í flugvélinni og biðu farþegarnir inni í vélinni á meðan

flugvirkjar og Rannsóknarnefnd fluglysia könnuðu aðstæður. Ellisif Tinna segir að farþegarnir hafi almennt verið rólegir á meðan þeir biðu. Í það minnsta hafi fulltrúar Rauða kross Íslands ekki burft að fara inn í vélina til að veita áfallahálp.

Flugvélin var við það að fara af landi brott Þegar Fréttablaðið fór í prentun og var búist við að henni yrði flogið aftur til Bretlands.

Vinnuslys í sorpurðunarstöð:

Banaslys í Sorpu á Álfnesi

BANASLYS Karlmaður á sextugsaldri lést um tvöleytið í gær þegar hann var við vinnu í sorpurðunarstöð Sorpu á Álfnesi á Kjarnanesi. Engin vitni urðu að slysinu og lögregla vinnur að ramnsókn málssins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var maðurinn að keyra jarðveg frá framkvæmdum á vörubil sínum. Bíllinn fór fyrir brún þegar maðurinn var að bakka honum og rann niður brekku.

Maðurinn kastaði sér þá út úr bílum með þeim afleiðingum að hann varð undir honum og lést maðurinn samstundis. Vinnufélagar hans komu að honum látnum.

Urðunarstaður Sorpu í Álfnesi er í um 20 kílómetra fjarlægð frá móttökustöðinni í Gufunesi. A vinnustöðnum starfa að jafnaði sex manns og eru þar urðuð hátt í 700 tonn af sorpi á dag.

- sjg

LAGER SALA

TÓNLIST · TÖLVULEIKIR · DVD

OPID 11-19 ALLA DAGA!
ÞÚSUNDIR GEISLADÍSKA, DVD OG TÖLVULEIKJA Á ÆVINTÝRALEGU VERÐI!

FRÁ 199,-
EKKI MISSA AF PESSU!
LAGERSALA FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)



SPURNING DAGSINS?

Geir, er ekkert erfitt að syngja með Tríó Briggs í gegnum síma?

Nei alls ekki, röddin míni hljómar betur gegnum síma.

Geir Ólafsson er söngvari hljómsveitarinnar Tríó Briggs og gullvagninn sem stofnud var nýverið af þeim Andra Frey Viðarsyni, Búa Bendtsen og Doddla litla en Geir hefur ekki enn mætt á æfingar með sveitinni heldur syngur hann bara í gegnum síma enn sem komið er.

AKUREYRI Á fimmsta þúsund manns voru í miðbæ Akureyrar í gærkvöldi begar Listasumri Akureyringa lauk með Akureyrarvöku. Í tilefni dagsins var boðið upp á menningarviðburði um allan Akureyrarbæ sem góður rómur var gerður að. Meðal viðburða voru tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands í Listagilinu undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar. Listasumar hefur staðið yfir á Akureyri í tíu vikur. Þetta er í fjórtanda skipti sem bæjarbúar og gestir njóta þess og hefur það dafnað með árunum.

- áp
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS
Spilaði við mikla hrifningu gesta.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANEFILL



ELDUR Í FRAUÐPLASTI Slökkviliðinu gekk greiðlega að slökka eld sem kvínaði í nýbyggingu í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Eldur við Dalveg í Kópavogi:

Mikill reykur frá frauðplasti

ELDSVODI Eldur kom upp í bílakjallara undir nýbyggingu við Dalveg í Kópavogi um kvöldmatarleytið í gær. Mikinn reyk lagði frá byggingunni enda hafði eldurinn læst sig í nokkrá rúmmetra af frauðplasti.

Að sögn Friðjóns Danielssonar, aðstoðarvarðstjóra slökkviliðsins, gekk greiðlega að ráða niðurlögum eldsins og tók það einungis nokkrar mínútur. Skemmdir á húsinu eru bó einhverjar en þar sem það er enn á byggingastigi má ætla að tjónið sé minna en auðveldlega hefði getað orðið.

- at

„Góðkunningi lögreglunnar“:

Kveiki í dýnu í fangaklefum

LÖGREGLA Góðkunningja lögreglunnar sem gisti fangageymslu lögreglunnar við Hverfisgötu aðfaraðt laugardags tókst að smygla inn kveikjara í soknum sínum og kveikja í horni rúmdýnu í klefa sínum, sem orsakaði minniháttar eldsvoða. Maðurinn var fluttur á slysadeild vegna gruns um reyk-eitrun en sú reyndist ekki raunin. Hann var sendur til baka í fangageymslu og fluttur á geðdeild þegar leið á gærðaginn.

- sgj

LANDHELGISGÆSLAN

Fótbrotninn maður Þýrla Landhelgisgæslunnar, TF-Lif, sótti mann að Skóglum um tvöleytið í gær. Maðurinn haði fótbrotnað við veiðar og var hann fluttur á slysadeild.



Bakleikfimi í vatni

Betri liðan í hálsi, herðum og baki. Skemmtileg og árangursrik þjálfun undir leiðsögn sjúkrapjálfara. Byrjenda- og framhaldshópar, i hádeginu og eftirmiðdaga í nýlegri og bjartri sundlaug við Laugárás.

Skráning í síma 897-2896 - harpahe@hi.is - www.bakleikfimi.is

Listasumri á Akureyri lauk með menningarvöku Akureyringa:

Fjölmenni á Akureyrarvöku

Bílvelta á Reykjanesbraut:

Keyrði á tengivagn og valt

BÍSLYS Fólksbíll keyrði út af og valt, laust fyrir miðnætti á föstugdag eftir að hafa keyrt yfir á rangan vegarhelming og á tengivagn vöruflutningabíls, sem kom úr gagnstæðri átt á Reykjanesbraut. Tvennt var í fólksbílum, og sluppu þau með minniháttar áverka og skurði eftir glerbrot.

Tengivagn vöruflutningabíls-ins skemmdist og bíll sem ók fyrir aftan vöruflutningabílinn varð fyrir skemmdum þegar brot úr hinum bílum skullu á honum. Löggregla segir áreksturinn ekki eins alvarlegan og hann leit út í fyrstu. Ökumaður fólksbílsins er grunaður um ölvunararakstur.

- sgj

Valgerður sökuð um að leyna skýrslunni

Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokks, segir Valgerði Sverrisdóttur hafa leynt Alþingi upplýsingum með því að kynna þingmönnum ekki skýrslu Gríms Björnssonar jarðeolisfræðings um áhyggjur hans vegna öryggis- og umhverfisatriða við byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Segir Kristinn jafnframt að til pess gæti komið að Valgerður þyrfti að segja að sér vegna málsins.

„Eg gerði ekkert sem ekki stenst í þessu málum,“ segir Valgerður. „Grímur gerði nokkrar athugasemdir sem lúta að öryggi virkjunar og var þeim komið á framfærri við Landsvirkjun og ráðuneytið. Síðan var haldinn fundur með fulltrúum Orkustofnunar, þar á meðal Grími, og fulltrúum frá Landsvirkjun og jarðfræðingum. Menn tóku þetta alvarlega.“

Valgerður segir að á fundinum hafi öll atriði skýrslunnar verið hrakin nema eitt, en það laut að kostnaði við framkvæmd virkjunarinnar. „Kostnaður við virkjunina er ekki eithvað sem Alþingi hefur til umfjöllunar. Plögg um þetta eru því ekki opinbar,“ segir Valgerður. Valgerður telur ekki hafa verið þörf að leggja fram skriflegar áhyggjur Gríms og niðurstöðu fundarins fyrir Alþingi.

„Pingmenn eru ekki sérfræðingar á þessu svíði og það er ekki þeirra hlutverk að fara ofan í svona hluti. Þessum athugasemduvar svarad á þessum fundi og bess vegna eru þær út úr heiminum að mínumati,“ segir Valgerður.



FERILL SKÝRSLU GRÍMS BJÖRNSSONAR JARÐEOLISFRÆÐINGS

Maí 2001 - Landsvirkjun leggur fram matskýrslu sína á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar.

1. ágúst 2001 - Skipulagsstofnun leggst gegn framkvæmd Kárahnjúkavirkjunar vegna umhverfisáhrifa hennar.

20. desember 2001 - Siv Friðleifsdóttir, þáverandi umhverfisáhrerra, fellir úr gildi úrskurð Skipulagsstofnunar.

14. febrúar 2002 - Grímur afhendir Orkumálastjóra skýrslu með athugasemnum varðandi umhverfis- og öryggisatriði sem fram komu í skýrslu Landsvirkjunar. Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráherra sér skýrsluna, ein þingmanna.

18. febrúar 2002 - Skýrslunni komið til Landsvirkjunar og iðnaðarráðuneytis.

6. mars 2002 - Fundur um skýrsluna, þar sem athugasemdir Gríms eru hrakar, samkvæmt ráherra og Orkumálastjóra.

8. apríl 2002 - Framkvæmd Kárahnjúkavirkjunar samþykkt að Alþingi.

14. apríl 2002 - Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráherra minnist á skýrslu Gríms í ræðu að Alþingi.

24. ágúst 2006 - Grímur Björnsson fær leyfi frá Orkuveitu Reykjavíkur til að tjá sig um Kárahnjúkavirkjun.

Valgerður nefndi skýrsluna í ræðu að Alþingi 14. apríl í fyrra, rúmum þremur árum eftir að hún var lögð fram af Grími. Í ræðunni nefndi hún að sérfræðingar hefðu hrakið flest atriði skýrslunnar og sérfræðingar Alcoa hefðu komist að sömu niðurstöðum.

„Það er alvarlegt mál ef upplýsingum er halddi frá Alþingi,“ segir Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokks.

„Eitt af stærstu málunum í

bessari ákvörðun var að setja ríkið í 100 milljarða skuld vegna þessarar framkvæmdar. Alþingi ætti að fá allar upplýsingar í þessum málum og svo er alþingismanna að vega og meta þær. Ég minnist þess ekki að hafa fengið neinar upplýsingar um þessa skýrslu fyrr en nú,“ segir Kristinn.

Valgerður vildi ekkert tjá sig um athugasemdir Kristins.

steindor@frettabladid.is

Vinstri græn álykta:

Vilja fresta því að fylla Háslón

STJÓRNMÁL Stjórn og þingflokkur Vinstrí hreyfingarinnar - græns framboðs hefur skorað á ríkisstjórnina og stjórn Landsvirkjunar að fresta því að fylla Háslón þar til sérstök matsnefnd, skipuð óháðum aðilum, verður fengin til að vinna nýtt áhættumat vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Alyktun um þetta var samþykkt á opnum fundi Vinstri grænna við Sauðárfoðss í gær. Í henni segir að óvissa hafi ríkt um áhættu vegna framkvæmdarinnar og vísbendingar um þessa áhættu hafi styrkt mjög að undanfornu. Fylling Háslóns verði ekki aftur tekin.

Valgerður vildi ekki tjá sig um tillögur Vinstrí grænna, þar sem hún fer ekki lengur með þennan málaflokk og er ekki framkvæmdaraðili í malinu.

- sgj



Í LJÓSUM LOGUM Hvelving domkirkunnar hrundi í brunanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dómkirkjan í Pétursborg:

Hjálmhvelfing hrundi í eldi

PÉTURSBORG, AP Mikill bruni varð í domkirkjunni í Pétursborg í gær með þeim afleiðingum að hjálhvelfing kirkjunnar hrundi í þessari fyrum höfuðborg Rússlands. Eldurinn kvíknaði í miðhvelfingu Kirkju heilagrar breningar og hrundi hvelfingin ásamt einni af fíjórum minni hvelfingum.

Slökkviliðsmenn reyndu hvað þeir gátu til að forða hinum hvelfinguunum frá eldinum og og mun þeim hafa tekist að bjarga bónokkrum af íkonum kirkjunnar.

Engin slys urðu á mönnum og eldsupptök eru ókunn.

- kóp

Löggreglan á Srí Lanka nær árangri í baráttu við uppreisnarmenn:

Vopn gerð upptæk í borginni

KÓLOMBÓ, AP Löggreglan í Kólombó, höfuðborg Srí Lanka, fann í gær vopnabúr í húsi nálægt alþjóðaflugvelli borgarinnar. Sautján manns voru handteknir og segir löggreglan fólkioð hafa haft áras í hyggjum. Lagt var hald á átta handsprengr, tvær stærri sprengr, riffl og skotfæri. Þetta er í annað skipti á skömmum tíma sem sprengrinn finnst í borginni, því síðastliðinn briðjudagur náðu sprengrjúsfræðingar að aftengja stóra sprengr, sem hafði verið komið fyrir í körfu reiðhjóls við fjölfarna verslunargötum.

Stjórnarherinn gerði loftáras í gær á svæði tamila, briðja daginn í röð. Talsmaður hersins sagði að ráðist hefði verið á bækistöð Tamflatigrára, sem þeir hefðu notað til skotrásas yfir á svæði Srí Lankamanna. A Jaffna-skaga lést sex

hermann stjórnarhersins í gær eftir að hafa stigð á jarðsprengju í norðurhérðunum. Sakaði talsmaður hersins Tígrana um að hafa komið jarðsprengjum fyrir á skaganum eftir að þeim hafi mistekist að ná þar yfirráðum. Ekki reyndist unnt að bera ummælin undir Tamflatigrana í gær.

Associated Press hefur eftir norraðu eftirlitssveitinni að Tamflatigrárnar hafi sleppt löggreglumannir úr haldi til að sýna „vott um velvild“, en maðurinn var fangi þeirra í ellefu mánuði.





Heilsa og vellíðan



Sælkerafæði og veitingar



Sýningaratriði




Fræðsluefni




Útvist



Greining og meðferð



Líkamsþjálfun



Húsgögn



Snyrtivörur

PRÓFAÐU ALLT Á EINUM STAÐ



Vatnaspot



Barnafjör



Boltaþróttir



Sjúkravörur



Upplifun



Fatnaður og skór




Líkamsmælingar



Tækni



Grænt mataráði



Fjármál og tryggingar



Fræðsluerindi og kynningar



Hreyfing



Vítamín og fæðubótarefni



Vetrarsport



Fjölskylduskemmtun

GOTT FÖR K M CANN

Sýningin 3L Expo í Egilshöll 7.-11. september verður engin venjuleg sýning. Þar stendur þér til boða að hlýða á fróðlegar kynningar um ýmis málefni heilsu og vellíðan, sjá skemmtileg sýningaratriði á meðan þú handleikur og skoðar það sem sýnendur eru með á boðstólnum og prófar alls kyns spennandi hluti sem ekki bjóðast á hverjum degi.

Upplifðu allt sem 3L Expo hefur upp á að bjóða 7.-11. september í Egilshöll.

Þú getur meðal annars:

- reynt köfun með fullum búnaði
- farið á skauta, kennsla fyrir byrjendur
- prófað mismunandi nuddaðferðir
- kynnt þér og prófað höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð
- bragðað á og lært að búa til holla næringu
- spreytt þig á sérsmiðaðri herþjálfunarbraut
- horft á æfingabardaga í boxi og reynt tæknina
- fengið þrýstigreiningu og líkamsmælingar margskonar



www.3lexpo.is | 594 9670

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 25.8.2006

KAUP SALA

Bandaríkjadalur	69,91	70,25
Sterlingspund	132,16	132,80
Evra	89,26	89,76
Dönsk króna	11,962	12,032
Norsk króna	11,006	11,126
Sænsk króna	9,682	9,738
Japansk jen	0,5963	0,5997

SDR 103,65 104,27

Gengisvíslata krónunnar
123,3903

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



HÚS GÆSLUVALLARINS Brotinn gluggi og eldsuptök innanhúss hafa ýtt undir grun lögreglu um að íkveikju hafi verið að ræða.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Grunur um íkveikju:

Bruni í húsi
við gæsluvöll

BRUNI Grunur leikur á að um íkveikju hafi verið að ræða þegar eldur kom upp í húsnæði við gæsluvöll við Heiðarból í Keflavík klukkan rúmlega átta í gærmorgan. Gluggi í húsinu var brotin og eldurinn er talinn hafa kvíkað innan frá.

Töluverður eldur var í húsinu og mikill reykur. Húsnæði er þar af leiðandi mikil skemmt, þótt greiðlega hafi gengið að slökva eldinn. Lögregla segir gæsluvöllinn vera samkomustað unglunga, en þorir þó ekki að segja til um hvort þeir hafi verið viðriðinir brunann.

- sgj

LÖGREGLUFRETTIR

BILL VALT Bílvelta varð við krappa beygiu á Miðhúsabruna Ákureyri á sjóunda tímanum í gærmorgan. Ókumannsakaði ekki, en hann er grunaður um ólvunararkstur.

Sjómaður slasast Sjómaður á íslensku skipi úti af Ingólfshöfða slasaðist alvarlega þegar hann felli niður í lest skipsins. TF-Lif, þyrla Landhelgisgæslunnar, sötti hann á sjóunda tímanum í gærmorgan og flutti á Borgarspítala. Maðurinn liggur á gjörgæsludeild.

BRETTLAND

Sonur Blairs braggast Euan Blair hefur verið útskrifaður af sjúkrahúsi á Barbados. Hann var lagður inn á föstudaginn vegna ótíglreindurs kvilla í maga. Fáðir hans, Tony Blair, sneri aftur til starfa úr frii sínu þann sama dag.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

smáauglýsingar sem allir sjá

Prófessor í stjórmálafræði segir flokksþing ekki hafa híft Framsókn upp:

Erfitt verkefni framundan

SKÓÐANAKÖNNUN „Það veikur athygli að Framsóknarflokcurinn er enn með svipað fylgi, svo flokksþing þeirra hefur ekkert hift flokkinn upp. Framsókn á erfðanum vetur fyrir höndum ef þeir eiga að ná kosningafylginu,“ segir Ólafur P. Harðarson, prófessor í stjórmálafræði við Háskóla Íslands, um skoðanakönnun Fréttablaðsins.

Hann segir niðurstöðu könnunarinnar ekki vera góða fyrir Sjálfstædisflokkinn og segir teikn á lofti um að stjórnin haldi ekki velli í næstu alþingiskosnum. „Sjálfstædisflokkurinn hefur yfirleitt fengið hærra í könnunum en



ÓLAFUR P. HARÐARSON

í kosningum. Fylgi stjórnar og stjórnarandstöðu er nánast jafnt, eins og það hefur verið allt kjörtímabilið.

Það gæti bent til bess að stjórnin haldi ekki velli í næstu kosningum,“ segir Ólafur. „Framsókn og Sjálfstædisflokkur hafa nær alltaf haft tvo þriðju atkvæða. Það sem við sjáum núna er að þeir eru einungis með um helming atkvæða og gætu misst meirihluta eftir kosningar. Það

var óhugsandi lengst af síðustu öld,“ bætir hann við.

Ólafur segir útkomuna góða fyrir Vinstri græn en bendir að þau fái oft meira fylgi í könnunum en kemur upp úr kjörkóssum. Annað eigi við um Frjálslynda flokkinn sem mælist oft lægri í könnunum en í kosningum. Útkoma könnunarinnar er ekki góð fyrir Samfylkinguna að mati Ólafs. „Samfylkingin er talsvert undir kosningafylginu, sem er ekki gott fyrir stjórnarandstöðu flokk,“ segir Ólafur. Hann bendir bó að langt sé í kosningar og forspárgildi könnunar núna hafi lítið gildi.

- sgj

Skipsskaði við Snæfellsnes:

Orsök ókunn

SKIP Ekki er ljóst hvað olli því að báturinn Sigurvin GK119 sökk á föstudagskvöld. Báturinn sökk undan Rifi á Snæfellsnesi á níunda tímanum á föstudagskvöld. Ekki liggur fyrir hvað olli því að báturinn hóf að leika, en skipverjar voru að ljúka veiðiferð þegar skipti sökk.

Skemmtibáturinn Svalan var fyrst á vettvang og fann skipverjaná þrjá heila á húfi í björgunarbarð. Þeir voru fluttir um bord í björgunarþripi Björg frá Rifi og þaðan í þyrlu landhelgisgeislunnar, TF-Lif. Aðgerðir tóku einungis um klukkustund frá því að útkall barst og lento mennirnir á Reykjavíkurflugvelli rétt fyrir ellefu. Björgunarþratar Landsbjargar hafa unnið að hreinsun á braki á vettvangi.

- sgj

Frjálslyndir tapa miklu fylgi

Frjálslyndi flokkurinn missir rúm fjögur prósentustig samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Samfylkingin og Vinstri græn bæta við sig um fjórum prósentustigum hvor, en Sjálfstædisflokkur missir tæp þrjú prósentustig. Engin breyting er á fylgi Framsóknarflokksins á milli kannana.

inni. Nú segjast 26,5 prósent íbúa utan höfuðborgarsvæðisins myndu kjósa flokkinn í stað 21,6 prósentáður.


Vinstri grænir bæta einnig við sig fjórum prósentustigum frá síðustu könnun og segjast nú 18,8 prósent svarenda myndu kjósa flokkinn, en fylgi við Vinstri græn var 14,8 prósent í síðustu könnun. Samkvæmt þessu hefur flokkurinn rúmlægum tvöfaldar fylgi sitt frá síðustu kosningum begar 8,8 prósent kusu Vinstri græn. Samkvæmt þessari niðurstöðu gæti flokkurinn fengið 12 þingmenn kjörna. Mest bætir flokkurinn við sig meðal kvenna. Nú segist 24,1 prósent kvenna myndu kjósa Vinstri græn, en fylgi meðal kvenna var 12,4 prósent í könnun blaðsins í júní. Það bætir flokkurinn einnig við sig 7,3 prósentustigum á höfuðborgarsvæðinu, en 22 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu segjast nú myndu kjósa flokkinn, en hlutfallið var 14,7 prósent í síðustu könnun. Þá missir flokkurinn örliðið fylgi meðal karla, en nú segjast 14,7 prósent karla myndu kjósa Vinstri græn, en í júní var hlutfallið 17,1 prósent.

Sjálfstædisflokkurinn, sem hefur verið að bæta við sig fylgi síðan í nóvember á síðasta ári, dalar aðeins frá síðustu könnun. Nú segjast 39,8 prósent svarenda myndu kjósa Sjálfstædisflokkinn, sem er 2,7 prósentustigum minna en í síðustu könnun. Ef þetta væru niðurstöður kosninga gæti Sjálfstædisflokkurinn fengið 25 þingmenn kjörna.

Mesta breyting á fylgi Sjálfstædisflokkins er meðal kvenna sem dalar um tæp niðurprósentustig frá síðustu könnun blaðsins. Nú segjast 34 prósent kvenna myndu kjósa flokkinn, en hlutfallið var 42,6 prósent í síðustu könnun. Því er aftur kominn nokkur kynjamunur á stuðnun

FYLGJ STJÓRMÁLFLOKKANNA FRÁ ALÞINGISKOSNINGUM

Samkvæmt könnun Fréttablaðsins



ingi við Sjálfstædisflokkinn sem mældist ekki í síðustu könnun, en

44,3% prósent könnungrar segjast nú myndu kjósa Sjálfstædisflokkinn. Þá dalar fylgi Sjálfstædisflokkins á höfuðborgarsvæðinu um rúm fimm prósentustigum frá síðustu könnun og segjast nú 40,0% prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu myndu kjósa Sjálfstædisflokkinn.

Engin breyting er á fylgi Framsóknarflokksins frá síðustu könnun, en í millitíðinni hélt Framsóknarflokcurinn flokksþing bar sem Jón Sigurðsson var kjórinna nýr formaður flokkins, Guðni Ágústsson var áfram kjórinna varaformaður og Sæunn Stefánsdóttir var kjórinna ritari. Þá hefur Framsóknarráðherran Valgerður Sverrisdóttir verið

sókuð um að stinga skýrslu um byggingu Kárahnjúkavirkjunar undir stóli í fréttum að undanförnu.


10,7% prósent kjósenda segjast nú myndu kjósa flokkinn sem er 0,1 prósentustigi meira en í síðustu könnun og gæti flokkurinn samkvæmt því fengið sjö þingmenn kjósendum.

Ríkisstjórnarflokkarnir tveir myndu samkvæmt þessu fá 50,5% prósent atkvæða og 32 þingmenn kjörna og númerandi meirihluti myndi því halda.

Hringt var í 800 kjósendur laugardaginn 26. ágúst. Svarendur skiptust jafnt milli karla og kvenna og hlutfallslega milli kjördæma. 60,6% prósent tóku afstöðu til spurningarinnar. svanborg@frettabladid.is

VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »


Kaupmannahöfn	21°C skúrir	London	22°C hálfskýjað	Alicante
Billund	18°C rigning	Paris	20°C hálfskýjað	Mallorca
Oslo	22°C skúrir	Frankfurt	20°C skúrir	Algarve
Stokkhólmur	20°C skúrir	Friedrichshafen	13°C skúrir	Krit
Gautaborg	18°C skúrir	Berlin	20°C skúrir	Las Palmas

» á morgun



Stif norðanátt vestan til, annars hægari.

» þriðjudagur



Áfram stif norðanátt.

* Vindhraði er í metrum á sekundu.



13kr.

afsláttur af eldsneyti milli
14-17 í dag



Takk fyrir
**frábæra
þáttöku!**

Vegabréfaleikur ESSO – aldrei meira spennandi

Við þökkum öllum þeim fjölmörgu sem tóku þátt í Vegabréfaleik ESSO um land allt, en alls voru gefin út 60.000 vegbréf, og hefur þátttakan aldrei verið meiri! Vinningshafar fá bestu hamingjuóskir og lista yfir þá má finna á www.esso.is

13 kr. afsláttur
af öllu eldsneyti milli 14-17 í dag!*

*Afsláttur reiknast frá verði með fullri þjónustu. Tilboð gildir á öllum stöðvum.



KJÖRKASSINN

A að herða refsingar í fíkniefnabrotum?

Já	51%
Nei	49%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlarðu í berjamó?

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Hlynur fékk tilboð frá lögfræðingi sínum í Brasilíu:

Frelsið kostar 2,5 milljónir

LÖGREGLUMÁL Hlynur Sigurðarson, 23 ára Íslendingur sem situr í fangelsi í Brasilíu vegna kókaíns-myglar, segist hafa fengið tilboð frá lögfræðingi sínum um að hann geti keypt sér frelsi fyrir tæpar 2,5 milljónir króna. „Það er víst hægt að gera allt í þessu landi með peningum,“ segir Hlynur. „Þetta er ekki óalgengt hér, dómarið myndi bá skrifa undir plagg sem segði að ég hefði afþlanað mína refsingar í fylkinu og ég gæti þá fengið að fara heim.“

Samkvæmt brasílskum lögum a að kæra fanga innan áttatíu daga frá handtökum, en Hlynur segir að sú regla sé ekki virt í landinu.



HLYNUR SIGURÐARSON

„Maðurinn hérra á móti mér er búinn að sitja inni án dómtoku í fimm ár.“ Tilboðið mun hafa kveð-

ið á um að Hlynur yrði færður í annað fylki á 81. degi og síðan sleppt.

Lögfræðingurinn hefur einnig hótad að segja upp samningi sínum við Hlyn, því hann hafi enn ekki fengið neina greiðslu fyrir þjónustu sína. Hlynur segist enga peninga eiga, en hann sé að reyna að bjarga þessu með aðstoð vina sinna. „Fjöldskýldan vill ekkert tala við mig núna og ég skil það vel. Það er ekki eins og ég sé búinn að haga mér eins og eithvert ljúfmenni í gegnum tíðina,“ sagði Hlynur, en hann bar sig nokkuð vel í gærkvöldi, þrátt fyrir erfðar aðstæður í fangelsinu.

- kóp

Ryanair kærir Bretland:

Vill 3 milljónir punda í bætur

BRETLAND, AP Lágfargaldaflugfélagið Ryanair hefur höfðað mál gegn bresku ríkisstjórninni vegna herts öryggiseftirlits eftir að upp komst um meint hryðjuverk sem fremja átti í háloftunum.

Fara forsvarsmenn fyrirtækisins fram á brigga milljóna punda skadabætur, sem samsvarar um 400 milljón krónum. Að sögn talsmanns flugfélagsins er kærunni ætlað að hvetja yfirvöld til að faða öryggiseftirlit aftur til fyrra horfs og sjá til þess að lögregla og her hjálpi til við eftirlitið í neyðartilfellum. Talsmaður samgönguráðuneytisins segir flugfélagið ekki hafa neinn lagalegan grundvöll til kærunnar.

- smk

Stökktu til Costa del Sol

7. sept. Uppsett.
14. sept. 11 sæti
21. sept. 17 sæti
28. sept. Orla sæti

14. sept.

frá kr. 39.990

Síðustu 11 sætin

Costa del Sol

Frá kr. 39.990

Netverð á manni, m.v. bjón með 2 bóm,
2-11 ára. Stökktu tilboð i viku 14. sept.
Aukavika kr. 12.000.

Costa del Sol

Frá kr. 49.990

Netverð á manni, m.v. 2 saman í herbergi / stúdió / ibúð. Stökktu tilboð i viku 14. sept. Aukavika kr. 12.000.

Heimsferðir bjóða ótrulegt tilboð á síðustu sætunum til Costa del Sol 14. sept. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför ferðu að vita hvor þú gisti. Griptu teknifærð og tryggðu þér sumarauka á fráberum kjörum á vinselasta sumarleyfisstað Íslendinga.

 Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Innri friður - Innri styrkur

Sjálfsefling - lifstill til framtíðar

Helgarnámskeið fyrir konur verða haldin í náttúrvænu og heimilislegu umhverfi að Fögruhlíð í Fljótshlíð.



Helstu markmið eru að:

- Byggja upp grunnundirlestöðu í sjálfsþekkingu.
- Auða innri styrk.
- Efla samskiptahæfni
- Kynnast mætti fyrigræfingar og kærleikars í samskiptum
- Læra að leysa árekstra með lausnarmiðaðri sýn
- Upplifa áhrifamátt kyrðar og hugarráðar
- Kveðja „það líðna“ með jákvæðu hugarfari
- Læra að lífa „i Námu“



Bergþóra Reynisdóttir, gestiðskrunarfræðingur MSc

Eftirfylgd

Þáttakendum er boðið upp á mánaðarlega fundi í Kópavogi, í þeju skipti eftir námskeiðið.

Styrkir

V.R. ásamt fleiri stéttarfélögum, styrkir félagsmenn til þátttöku á námskeiðinu.

„Ég hef farið á mörg sjálfstyrkingarnámskeið en þetta námskeið hefur tekið hvað best á því hvað meður sjálfur er mikilvægur í að skapa og hlúa að eigin velliðan, þæði í einkalífi og í starfi.“ Lilja E

Nánari upplýsingar á www.liljan.is og í síma 8636669.

Helgar í boði:
15.-17. sept. 6.-8. okt.
22.-24. sept. 13.-15. okt.
3.-5. nóv.

Pungavatnsverksmiðja vígð í Íran

Forseti Írans ætla ekki að hætta við kjarnorkuáætlunina og segir að engri þjóð standi ógn af íranskri kjarnorku. Ísraelskur þingmaður segir þjóð sína þurfa að bregðast við kjarnorkutilburðum Írana.

MÍÐ-AUSTURLÖND Forseti Írans, Mahmoud Ahmadinejad, vígði í gær þungavatnsverksmiðju í bænum Arak í miðhluta Írana. Pungavatnsverksmiðjan verður notuð til að kæla kjarnaofn sem er í byggingu nálægt verksmiðjunni. Forsetinn sagði við tækifærð að Íransstjórn myndi „aldrei“ hætta við kjarnorkuáætlun sína og að tilgangur hennar væri alls ekki hernadarlegs eðlis. Hann sendi vesturveldunum tóninn og sagði að svo gæti farið að Íranir yrðu beittir viðskiptaþvingunum en að þróun og tekniframförum yrði ekki halddi frá þeim. Kjarnorkuáætlunin ógnaði ekki örðrum þjóðum, „ekki einu sinni stjórn sionista, sem er augljós óvinur svæðisins“.

Ráðamenn margra annarra ríkja, sérstaklega Bandaríkjanna og Ísrael, óttast að ríkisstjórn Írana ætli sér að framleiða kjarnorkusprengjur og sagði einn ísraelskur þingmaður í gær að verksmiðjan væri „enn eitt skrefið“ í átt að því að Íranar framleiðdu kjarnorkusprengju. Hann sagði einnig að aðgerðir alþjóðasamfélagsins til að koma í veg fyrir kjarnorkuvæðingu Írana væru ófullnægjandi og því væri nauðsynlegt fyrir Ísraelmenn að „undirbúa sig með viðhlítandi hætti“. Ísraelsk yfirvöld gáfu ekki út yfirlysingu vegna málsins í gær, en opinber stefna ísraelskra stjórnvalda hefur hingað til verið sú að reyna að semja við Íransstjórn um aðra lausn á orkuþörf landsins.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur skipað írónskum yfirvöldum að hætta tilraunum sínum um auðgun úrans og eiga ráðamenn í Teheran að verða við því



MAHMOUD AHMADINEJAD VÍGIR VERKSMIÐJUNA Írans forseti sét hér vígja þungavatnsverksmiðjuna í miðhluta Írana. Hann segir kjarnorkuáætlun þjóðarinnar ekki ógna örðum ríkjum, en Ísraelar og bandamenn peira tak ekki í sama streng.

fyrir næstkomandi fimmudag. Stjórnálaskýrendur segja það líklega ekki tilvilkjun að verksmiðjan hafi verið vígð svo skömmu áður en frestur írónskra yfirvalda rennur út; þau vilji ögra öryggisráðinu. Stefnt er á að kjarnaofninn verði gangsettur árið 2009.

klemens@frettabladid.is

Fyrir fjórum árum komst bær-

Flugsýning á Reykjavíkurflugvelli:

Flugmenn léku listir sínar



70 ÁRA AFMÆLISSÝNING Sýningin tókst með eindænum vel og vakti 757 þota frá Icelandair mesta athygli gesta.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BETRI VEXTIR Á YFIRDRÆTTI FYRIR NÁMSMENN

JÖNSSON & LEWACKS • J.I.s • SA



Glitnir léttir námsmönnum lífið og býður þeim bestu kjörin.

Til dæmis bjóðum við aðeins 14,9% vexti af yfirdráttarlánum v. LÍN.* Kynntu þér málið í útibúum Glitnis, þjónustuveri í síma 440 4000 og á glitnir.is.

	GLITNIR	LAIS	KB BANKI	SPRON
YFIRDRÁTTARLÁN LÍN	14,9	14,95	15,35	14,95
YFIRDRÁTTARLÁN ALMENNT	18,3	18,7	18,35	21,2
INNLÁN	7,8	7,8	7,5	6,95

GLITNIR

* MIÐAD VID VAXTATÖFLU 21.08.06

**VEISTU SVARIÐ**

1 Hvaða frægi enski knattspyrnumaður var ekki valinn í landsliðshóp Englendinga á dögumunum?

2 Hvaða íslenska kona keppir á Evrópumótinu í hnefaleikum?

3 Hvað er landlæknir að fara að gera í Malaví?

SVÖRIN ERU Á BLÍS. 38

Bandarísk yfirvöld rannsaka sprengjuherferð Ísraela í Líbanon:

Klasasprengjur í íbúðahverfum

BEIRÚT, AP Fjöldi líttilla virkra sprengja hefur fundist viðs vegar um Suður-Líbanon, inni í görðum, úti á svölum, leikvöllum og á götum úti. Sprengjurnar eru litlu stærri en gosdósir og vitað er um tvö börn sem hafa látið lífið eftir að hafa leikið sér með þær. Einnig hafa sprengjurnar banað átt fullorðnum og sært tæplega fjörutí manns, eftir að vopnahléi var komið á og Libanar snuru aftur heim til sín.

Sprengjurnar eru kallaðar „sprenglingar“ og eru úr klasasprengjum, stórum hylkjum sem opnast í loftinu og hleypa út fjöldi líttilla sprenglinga sem dreifast viða. Samkvæmt Genfar-samningum er bannað að varpa klasasprengjum á íbúðahverfi.



LÍBANIR RÓTA Í RÚSTUNUM „Sprenglingar“ innan úr klasasprengjum eru á stærð við gosdósir og geta því viða leyst.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP
Talsmaður Sameinuðu þjóðanna segir að 285 svæði hafi fundist þar sem klasasprengjum hafði verið varpað og um þrjátíu til viðbótar finnist daglega.

Sprengjurnar keypti Ísraelshér af bandarískum yfirvöldum, en þau hafa fyrirskipað að rannsakað verði hvort Ísraelar hafi brotið leynisamninga við ráðamenn í Washington. Samkvæmt þeim samningum átti ekki að nota klasasprengjurnar nema á hernáðarleg skotmörk. New York Times segir ólíklegt að Ísraelum verði beinlínis refsað fyrir að brjóta samninginn; rannsóknin sé gerð til að liðka fyrir í samskiptum George W. Bush við arabahéiminn. Þó hafa Bandaríkjamenn seinkað um óakveðinn tíma að senda aðra gerð klasasprengna til Ísraela.

- kóp

Hollenskt vöruflutningaskip:

Varð vélarvana í Reyðarfirði

SÍKIP Hollenskt tólf þúsund tonna flutningaskip, Aalsmeergracht, varð vélarvana í Reyðarfirði um tíueytið að kvöldi föstudags. Engin skip í nágrenninu voru nægilega öflug til að geta komið til aðstoðar, svo brugðið var að það ráð að kalla til björgunarskips Slysavarnarfélagsins á Norðfirði og línbátinn Pál Jónsson, sem var staddur austur af Gerpi.

Sérfræðingar sjómælingasviðs Landhelgisgæslunnar voru kallaðir til ráðgjafar um góðan haldboð fyrir akkeri og var skipin ráðlagt að kasta akkeri norðvestur af Grímu. Viðgerð stendur yfir.

- sgj

Styrkir

Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna starfsemi á árinu 2007. Meðal markmiða styrkeitinga er að styrkja og efna til samstarfs við félagsamtök, fyrirtæki og einstaklinga um uppbryggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda. Styrkir eru m.a. veittir til verkefna á sviði eftirtalinná málaflokka:

- félags- og velferðarmála.
- menntamála - grunnskólar/leikskólar.
- íþróttá- og æskulýðsmála.
- jafnréttis- og mannréttindamála.
- menningarmála.
- umferðaröryggismála.

Vakin er athygli á því að reglur um styrkeitingar er að finna á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/styrkir. Þar er einnig að finna nánari upplýsingar um áherslur borgarinnar í einstökum málaflokku.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á vef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/styrkir. Eyðublöðum þessum skal skilað rafrænt ásamt fylgigögnum, eða, ef þess er ekki kostur, í Ráðhús Reykjavíkur, merktum Reykjavíkurborg - styrkumsókn.

Umsóknarfrestur er til 1. október nk. og eru einungis teknar til greina umsóknir sem berast innan tilskilins frests og uppfylla þær kröfur sem reglur Reykjavíkurborgar kveða á um.

Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á. Þá eru styrkir alla jafna ekki veittir til kaupa á húsnæði, og ekki eru veittir styrkir til greiðslu fasteignagjálfa. Umsóknir verða metnar með hliðsjón af eftifarandi:

- markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð.
- hvort verk- og tímááætlun sé raunhæf.
- hvort unnt sé að meta framvindu verksins.
- hvort skilagreinar og fyri verkefni sem styrk hafa hlutið uppfulli lágmarkskröfur.
- væntanlegum árangri og ávinnungi fyrir umrædda starfsemi.
- fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnum sem einnig skal fylgja umsókn.

Styrkumsókn felur í sér að umsækjendur undirgangast ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki. Gert er ráð fyrir að úthlutun nefnda og ráða verði lokið í árslok 2006.

Fyrirspurnir og óskir um nánari upplýsingar má senda á netfangið styrkir@reykjavik.is

www.reykjavik.is/styrkir



Íslandssafn í Sognafirði

Össur Skarphéðinsson vill að íslenska ríkisstjórnin eigi frumkvæði að stofnun safns í Sognafirði í Noregi til minningar um landnámsmenn Íslands.

STJÓRMÁL Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar og nefndarmaður í Pingvallaneftnd, leggur til að ríkisstjórn Íslands hafi frumkvæði gagnvart ríkisstjórn Noregs, um stofnun safns í Sognafirði í Noregi til að „lyfta minningu áa okkar sem námu Ísland frá þessum stað“, eins og Össur orðaði það í samtal við Fréttablaðið.

Hann er nýkominn úr stuttri heimsókn til Gulen í Sognafirði en þar starfaði Gulabing hið forna. Frá þeim slóðum komu landnámsmenn Íslands og var skyldleiki með Gulabingi og Alþingi Íslendinga á Pingvöllum. Einnig var skyldleiki þinganna tveggja við hið priðja, Tynwall á eyjunni Mön, og vilja forsvarmenn Gulabings efna til samstarfs þinganna þriggja.

Össur fór utan til viðræðna við heimamenn sem fulltrúi Pingvallaneftndar. „Þeir vilja koma þessu á kortið sem sameiginlegri táknumyd um þróun lýðræðishefðar,“ sagði Össur um hugmyndir Norðmannanna.

Össur er fráleitt fyrsti íslenski stjórmálamáðurinn sem sækir Sognafjörð heim. „Ásgeir Ásgeirsson kom þarna á skipi 1951. Hann sigldi fram hjá líttili bryggju en átti samkvæmt dagskrá ekki að fara í land. Heimamenn höfðu látið barnakórrinn æfa íslenska þjóðsönginn og Ásgeir hreifst svo af söngnum að hann skipaði svo



INGÓLFUR ARNARSON Fjöldi landnámsmanna kom frá Sognafirði í Noregi. Össur Skarphéðinsson vill halda minningu þeirra á lofti og treysta bönd Íslendinga og Norðmanna með opnun safns í Noregi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

fyrir að skipinu skyldi snúið að bryggju. Hann dvaldi þar lengi dags og þjóðsagan í Sognafirðinum segir að hann hafi sett norska mold í silfuröskjur og haft með sér til Bessastaða.“

Nokkrum árum síðar voru 30 íslendingar á ferð á sömu slóðum, undir forstu Bjarna Benediktssonar þingmanns, síðar forseta-Norðherra. „Á nákvæmlega sama stað voru þeir sæddir í land, nú af angurværum harmonikkuleik. Tveir merkir stjórmálastorkunar tengjast því þessum stað,“ segir Össur.

Vilji hans stendur til að íslendingar og Norðmenn treysti böndin. „Pessar frændþjóðir eiga allt af í deilum. Nú að setja þær niður og taka ákvörðun um, af hálfu ríkisstjórnanna, að opna safn í Sognafirðinum. Það væri tilvilið að gera það þegar við lokins klárum hið erfða deiluefn sem samningurinn um norsk-íslensku síldina er en það hlýtur að gerast á næsta ári.“

bjorn@frettablaðið.is



ÁSGEIR ÁSGEIRSSON

BJARNI BENEDIKTSSON

SPARI DAGAR

LOKA DAGUR

SMÁRALIND · Sími 530 2900 Opið 13 - 18

HTH
FATASKÁPAR & RENNIHURÐIR

15% afsláttur

BEINN SÍMI Í HTH: 530-2906 / 530-2907 / 530-2908

SETTU ÞAÐ SAMAN **HTH**

AF HVERJU AD BORG A MEIRA?

AEG
PVOTTAVÉLAR
PURRKARAR
UPPVOTTAVÉLAR
KÆLISKÁPAR
OFNAR - VIFTUR
HELLUBORD

15%
AFSLÁTTUR

ORMSSON

www.ormsson.is

SKÓLATÖLVUR

AIRIS Fartölva

Vörnúmer: 448n990

- Örgjörví: 1.8 Sempron
- Skjár: 15" SXGA 1024x768
- Minni: 512MB 333MHz
- Harður diskur: 60GB (5400RPM)
- DVD skrifari: DVD-RW +R DL
- Þyngd: 3kg.
- Skjákort: SVGA S3 Unichrome Pro Allt að 64MB
- Stýrikerfi: Windows XP Home
- Ábyrgð: 2 ára

89.990.-

Staðgreitt



Tölvukaupalán*

3.304.-

á mánuði í 36 mánuði

TASKA FYLGIR



TASKA FYLGIR



AIRIS Fartölva

Vörnúmer: 448n930

- Örgjörví: 1.73 Intel 2MB
- Skjár: 15.4" WSXGA 1280x800
- Minni: 512MB 533MHz
- Harður diskur: 75GB (5400RPM)
- DVD skrifari: DVD-RW +R DL
- Þyngd: 3kg.
- Skjákort: Mobile Intel 915 Express
- Stýrikerfi: Windows XP Pro
- Ábyrgð: 2 ára

99.990.-

Staðgreitt

Tölvukaupalán*

3.642.-

á mánuði í 36 mánuði



Fartölva

Vörnúmer: NX6325 (ey358ea)

- Örgjörví: 2.0 Sempron
- Skjár: 15" XGA 1024x768
- Minni: 512MB 333MHz
- Harður diskur: 80GB (5400RPM)
- DVD skrifari: DVD-/+RW DL
- Þyngd: 2,6kg
- Skjákort: ATI mobility Radeon X1150 allt að 128MB
- Stýrikerfi: Windows XP Pro
- Ábyrgð: 3 ára

124.900.-

Staðgreitt

Námsmannabjónusta Sparisjóðsins
veitir þér:

Tölvukaupalán*

4.493.-

á mánuði í 36 mánuði

10%

afslátt af
vörum og

5.000 kr. afslátt af ferðatölvum
hjá Office 1.

Tölvukaupalán

Þú færð tölvulán fyrir tölvunni og
öllum þeim fylgihlutum sem þú þarf!

- Allt að 300.000 kr. tölvukaupalán.
- Allt að 48 mánaða.
- Ekkert lántökugjald.
- Þú getur borgað upp lánið hvenær sem þér hentar.
- Þú getur keypt hvaða tölvu sem er, hvar sem er.
- Frábær tölvutilboð.
- Engin lágmarksupphæð.

SPARISJÓDURINN
Námsmannabjónusta

Office1 Superstore

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Íslendingar í haldi hér og erlendis vegna fíkniefnabrota.

Kókaín flæðir yfir

Varla líður sú vika að ekki berist fréttir af því að tollverðir og löggregla hafi komið upp um smygl á fíkniefnum og eiturlýfjum til landsins. Á föstudaginn var hér í Fréttablaðinu frétt um að tveir karlmenn og kona hefðu verið handtekin á Keflavíkurflugvelli á mánudag með hálft kíló af örvari efnum, og er talið að um kókaín sé að ræða. Þá var í síðustu viku framlengt gæsluvarðhald yfir tveimur konum og einum karli sem reyndu að smygl hingað til lands nærrí tveimur kílóum af kókaíni í byrjun ágúst. Tveir aðrir karlmenn eru taldir viðriðnir málið og er allt þetta fólk í gæsluvarðhaldi um þessar mundir. Sumt af því verður líklega undir láss og slá fram í október, eða þar til rannsókn málsins fer að skýrast í smáatriðum. Allt þetta fólk er um og yfir tvítugt, og má gera ráð fyrir því að það sé flest meira og minna háð fíkniefnum, og sumt af því svokölluð burðardýr. Í fyrrihluta ágústmánaðar hefur því tolvörðum og löggreglu tekist að koma upp um smygl á einu og hálfu kílói af kókaíni sem er meira en á heilu ári fyrir nokkrum misserum. Það er því greinilegt að kókaínsmýgl hefur færst í aukana, og þarna er því verk að vinna fyrir yfirvöld.

Pótt löggreglu og tolvörðum hafi tekist að koma upp um smygl á þessu eitri, má búast við að töluvert hafi flotíð framhá árvökulum augum beirra sem fylgjast með komu farþega til landsins. Fjölgun kókaíntilfella sem berast heilbrigðisfivvöldum bendir til þess.

Það er mjög brýnt að öllum tiltækum ráðum sé beitt til að koma í veg fyrir aukna kókaínneyslu og þá virðist einsýnt að efling löggreglu og tollgæsli liggi beint við. Refsing fyrir innflutning á fíkniefnum hefur þegar verið hert, en það virðist duga skammt. Því hefur líka verið haldið fram að refsing fyrir fíkniefnabrot, sé í ósamræmi við mörg önnur brot, að harðar sé tekið á þeim en líkamsrásum, svo dæmi séu nefnd, og þratt fyrir það streymi fíkniefnin til landsins.

Hrollvekjandi fréttir af fíkniefnabrotum Íslendinga í fjarlægum löndum birtust í vikunni. Annars vegar var um að ræða pilt sem handtekinn var í Brasilíu á mánudag með um tólf kíló af hassi og hins vegar greindi Fréttablaðið frá því að piltur á brítugsaldri sæti þar í gæsluvarðhaldi vegna tilraunar til að smygl tveimur kílóum af kókaíni úr landi. Fréttablaðið náiði tali af piltinum þar sem hann situr í tíu fermetra klefa ásamt níu öðrum föngum og óttast stöðugt um líf sitt. Lýsingur piltins á aðstæðum ættu aðrir á svipaðri braut að láta sér að kenningu verða. Það má leiða líkru að því að þessi tvö kíló af kókaíni hafi átt að fara hingað til lands, þótt ekki sé hægt að þessu stigi að fullyrða neitt um það. Þá vaknar óneitanlega sá grunur að einhverjir sem tengjast Íslandi standi á bak við þessar sendingar og piltarnir ungu séu aðeins peð kókaín- og hassbaróna, og séu að greiða fíkniefnaskuldur með því að smygl eitri milli landa.

Þessi nýlegu dæmi hér heima og erlendis þar sem Íslendingar koma við sögu í fíkniefnamálum, minna enn og aftur að það að þörf er á miklu og öflugu eftirliti til að reyna að koma í veg fyrir að eitrið berist til landsins. Það er ekki nóg að byngja refsingar fyrir afbrot vegna fíkniefna, aðalatriðið er að koma í veg fyrir að efnin komi til landsins, og þá þarf fjárvætingavalðið að koma til móts við óskir einstakra löggreglumembætta í þessum efnum, ekki síst löggreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli, þar sem umferðin er mest.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá

FRÁ DEGI TIL DAGS
<p>Sátt á Hólmavík Sakleysisleg frásögn í Fréttablaðinu af lundaveiðum sjávarútvegsráðherra, Einar K. Guðfinnssonar, leiddi í ljós að ráðherrann var ekki með tilskilin leyfi til að stunda síkar veiðar. Pessi staðreynd vakti vitaskuld athygli, og hafa margir á það bent að hann hefði átt að vita betur, hann var í hópi þeirra sem samþykktu lög um veiðirkort á sínum tíma. Engin eftirmál verða af atvíkinu, hann hefur gengið frá sáttum við sýslumann á Hólmavík og greitt 20.000 króna sekt. Það má svo telja til að Einar sæki um veiðirkort fyrir lundaveiðar næsta sumars.</p>  <p>en fram kom í grein Fréttablaðsins að hann stundaði þessar veiðar ár hvert.</p> <p>Ort um Einar? Hólmaþingar munu þá væntanlega rekast á Einar næsta sumar að leið sinni í Steingrímsfjörð. En aldrei er að vita nema þeir hafi tekið athæfi sjávarútvegsráðherra fyrir á hagyrdingamóti sem haldið var í Hólmavík í gærkvöld. Þar voru saman kommir bestu hagyrdingar landsins á landsmóti hagyrdinga. Stjórmálamenn hafa löngum verið skotsþónn og yrkisefni hagyrdinga og engin ástæða til að ætla annað en að svo hafi verið í þetta skiptið.</p> <p>Rigning á Akureyrarvöku Hagyrðingar komu saman á Hólmavík í gær en</p>  <p>það var á fleiri stöðum sem fólk kom saman. Á Akureyri var Akureyrarvaka og mikil af fólk var á ferli í miðbæ Akureyrar. Þar fór bæjarstjórnin Kristján Þór Júlíusson fremstur í flokki. Veður lék ekki við Akureyringar sem státa sig þó af því að það sé alltaf gott veður í höfuðstað Norðurlands, það rigndi á gesti. En gestir á Akureyrarviku kunnu ráð við því og spennu upp regnhlífar til að verja sig og var tilkomumikoð að horfa yfir regnhlífbreiðuna. Ekki höfðu þó allir fyrir því. Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra spókaði sig regnhlíflausa í miðbæ Akureyrar, ásamt manni sínum, Arvid Kro. Valgerður kom til Íslands frá Noregi síðlegis í gær og var mætt á Akureyrarvökuna ekki löngu síðar. sbt@frettabladid.is</p>

Betri grunnskóla

Þeirri skoðun hefur verið haldið á lofti að stjórnvöld Á Íslandi hafi einungis áhuga á álbraðsluðnaði en láti sig litlu varða menntun og hátækni. Þegar að er gáð stenst sú fullyrðing enga skoðun. Við Íslendingar erum í hópi þeirra þjóða sem verja hvað stærstum hluta þjóðarframleiðslu okkar í rannsóknir og brún. Það sem meira er, útgjöld til menntamála sem hlutfall af þjóðarframleiðslu eru hvað hæst á Islandi af ríkjum OECD. Það er engin spurning að stjórnmálamennirnir, bæði í ríksstjórn og í sveitastjórnunum um allt land, hafa á undanförnum árum aukið gríðarlega útgjöld til menntamála. En samt er árangurinn ekki nógú góður, langt í frá. Eitt mikilvægasta verkefni næstu ára er án efa að greina hvernig stendur á því og finna leiðir til úrbóta. Við Íslendingar eignum að geta boðið börnum um okkar upp á besta grunnskóla í heimi og við eignum að einsetja okkur að ná þeim árangri á næsta áratug eða svo.

Fjölbreytileikinn mikilvægur

Mér er til efs að það sé til ein lausn á þessu máli og þaðan af síður að ég eða einhver annar sé handhafi einhvers stóra sannleika um hvernig við búum til besta grunnskóla í heimi. Þess vegna er mikilvægt að hafa sem mestan sveigjanleika í skólokærfinu til þess að kalla fram sem flestar hugmyndir og lausnir. Hæfileg blanda sjálfstætt rekina skóla og opinberra er æskileg, okkur miðar hægt áfram ef skólnir eru meira eða minna steypir í sama móti. Á síðustu árum hafa við sprottið fram athyglisverðar nýjungar í skólastarfí um ófyrirvara og eftir því sem fleiri sveitarfélög auka valfrelsi foreldra og nemenda, því fjölbreyttara verður námsframbodíð. Með því að virkja hugmyndir margra er líklegt að við komumst að góðri niðurstöðu.

